

Mánudaginn 20. nóvember 1978.

Nr. 87/1976. **Guðbjörg Ósk Harðardóttir**
vegna sjálfrar sín og ólögráða barna sinna,
Harðar Gunnarssonar
Valgeirs Gunnarssonar og
Elínar Bjarkar Gunnarsdóttur,
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
dómsmálaráðherra og
fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Lögskráning sjómanna. Bótaskylda ríkissjóðs. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Afrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 23. apríl 1976. Krefjast þeir þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 412.430 krónur með 7% ársvöxtum af 400.000 krónum frá 7. mars 1969 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum af 412.430 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þeir krefjast og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjendur, sem höfðu gjafsókn í héraði, fengu gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 4. nóvember 1976.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt ljósrit úr skipshafnarskrá.

Lögskýra verður 6. tl. 7. gr. laga nr. 63/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1962, svo, að útgerð skips, en eigi ríkissjóður, beri skaðabótaábyrgð vegna þess, að lögskráð hefur verið á skip, án þess að í gildi væri líf- og slysaþrygging sú, sem um er fjallað í greindu lagaákvæði. Samkvæmt þessu og að öðru

leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjenda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, 120.000 krónur.

Það athugast, að rétt hefði verið að stefna samgönguráðherra til fyrirsvars í máli þessu, sbr. 7. tl. 11. gr. auglýsingar nr. 96/1969.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjenda, Guðbjargar Óskar Harðardóttur vegna sjálfrar sín og ólögráða barna sinna, Harðar Gunnarssonar, Valgeirs Gunnarssonar og Elínar Bjarkar Gunnarsdóttur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmans, 120.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði hæstaréttardómaranna Loga Einarssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar að öðru leyti en því, að ég tel, að eigi hafi verið þörf á að stefna samgönguráðherra til fyrirsvars í máli þessu.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og
Björns Sveinbjörnssonar.**

Símskeyti það, sem lögskráningarstjórinn, hreppstjóri Hafnarhrepps, sendi sýslumanni Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 4. mars 1969, felur í sér staðfestingu hans á því, að skipshöfn v/b Dagnýjar, þrír menn, hafi verið lögskráð

greindan dag. Fær það og stoð í þeirri staðreynd, að hreppstjórinn ritaði samdægurs reikning vegna iðgjalds af lögboðinni slysaftryggingu skipverjanna þriggja í eina viku. Kveður hreppstjórinn „fyrirverandi eigendur bátsins“ hafa greitt sér þennan reikning. Samkvæmt þessu verður við það að miða, að skipverjar hafi verið lögskráðir á v/b Dagnýju, er hún hélt frá Höfn í Hornafirði um hádegisbilið 6. mars 1969, að því er nafngreint vitni telur.

Með 1. gr. laga nr. 71/1962 var lögum nr. 63/1961 um lögskráningu sjómanna breytt á þann veg, að bætt var við 7. gr. laganna ákvæði, 6. tl., um skyldu lögskráningarstjóra til að ganga úr skugga um, að líf- og slysaftryggingar skipverja hefðu verið teknar hjá tryggingarfélagi og væru í samræmi við gildandi kjarasamninga. Könnunarskylda þessi er sérstaklega brýn, og lýtur hún að afmörkuðu og auðkönnuðu atriði. Lagaákvæðinu er ætlað að tryggja, að líf- og slysaftrygging sjómanna, sem lögskráðir hafa verið, sé ávallt í gildi í samræmi við kjarasamninga, svo sem greinargerð með frumvarpi til laganna ber með sér. Hreppstjóra Hafnarhrepps urðu á saknæm mistök, er hann gætti þess ekki, áður en hann lögskráði skipverja á v/b Dagnýju, að krefjast yfirlýsingar tryggingarfélags um líf- og slysaftryggingu þeirra. Sætti hann áminningu í sakadómi fyrir brot á þessari starfsskyldu sinni, eins og í héraðsdómi greinir. Þessi mistök hreppstjóra leiddu til þess, að vélbáturinn lét úr höfn með lögskráða áhöfn, án þess að skipverjar væru líf- og slysaftryggðir í samræmi við gildandi kjör. Urðu afleiðingarnar þær, að áfrýjendur fengu ekki greidda vátryggingarfjárhæð þá, er þeir áttu rétt á samkvæmt framansögðu, þar sem útgerðarmaður reyndist ógjaldfær. Eins og hér stendur á, þykir vera um að ræða slík mistök í stjórnsýslu, að leggja verði bótaábyrgð vegna þeirra á ríkissjóð, en hann ber ábyrgð á þessum mistökum lögskráningarstjórans.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjendum hina umstefndu fjárhæð með vöxtum eins og krafist er, en ekki er ágreiningur um fjárhæðir.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði,

þar með talin gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 210.000 krónur.

Við erum samþykkir atkvæði hæstaréttardómaranna Loga Einarssonar og Magnúsar P. Torfasonar um fyrirsvar samgönguráðherra í máli þessu.

D ó m s o r ð:

Stefndi, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, greiði áfrýjendum, Guðbjörgu Ósk Harðardóttur fyrir sína hönd og ólögráða barna sinna, Harðar Gunnarssonar, Valgeirs Gunnarssonar og Elínar Bjarkar Gunnarsdóttur, 412.430 krónur með 7% ársvöxtum af 400.000 krónum frá 7. mars 1969 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjenda, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmans, í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 210.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. mars 1976.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 4. þ. m., hefur Guðbjörg Ósk Harðardóttir, hér í borg, höfðað fyrir sig og ófjárráða börn sín og Gunnars heitins Þórðarsonar, þau Hörð, Valgeir og Elínu Björk, með stefnu, útgefinni 10. september 1974, gegn fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 412.430 með 7% ársvöxtum af kr. 400.000 frá 7. mars 1969 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum af kr. 412.430 frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talinn útlagður kostnaður.

Hinn 4. desember 1975 veitti dómsmálaráðherra stefnendum gjafsókn í málinu.

Af hálfu fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnenda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda, en til vara er þess krafist, að sök verði skipt og fjárhæð

stefnukröfunnar verði lækkuð verulega, en málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að með afsali, dags. 25. febrúar 1969, seldu Vilhjálmur Antoníusson og Haraldur Jónsson, Höfn í Hornafirði, m/b Dagnýju, SF 61, og var Sverrir Sædal Kristjánsson þar sagður kaupandi bátsins. Samkvæmt afsalinu var báturinn 27 tonn, byggður 1942, og hafði aðalskoðun á vél og búnaði farið fram nokkrum dögum áður. Báturinn skyldi afhentur á Höfn í Hornafirði, og fóru þangað til að sækja hann á vegum Sverris Sædals Kristjánssonar þeir Hreinn Pétursson skipstjóri, Jón Sigurðsson og Gunnar Þórðarson. Hreinn skipstjóri leitaði nú til Gunnars Snjólfsssonar, hreppstjóra í Hafnarhreppi, um lögskráningu áhafnar bátsins. Voru nöfn skipverja færð í skipshafnarskrá bátsins þannig, að Jón var sagður vélstjóri og Gunnar háseti, en ekki undirrituðu þeir Hreinn, Jón eða Gunnar skrána. Um kl. 1230 þennan sama dag, þ. e. 4. mars, sendi Gunnar hreppstjóri sýslumanni Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu símskeyti og tilkynnti, að greindir þrír menn hefðu verið „skrásettir“ þá um daginn á m/b Dagnýju, SF 61, til einnar viku. M/b Dagnýju var síðan siglt frá Höfn, en ekki hefur tekist að upplýsa, hvenær það var. Um kl. 1900 þann 7. mars barst Sverri Sædal skeyti frá Hreini skipstjóra, þar sem skýrt var frá því, að allt gengi vel og hefði báturinn verið staddur við Garðskaga kl. 1800 og gæti orðið í Reykjavík kl. 2100—2200. Báturinn kom ekki fram, og er víst, að hann hæfur farist og með honum allir skipverjarnir.

Í kjarasamningum sjómanna og útgerðarmanna á þessum tíma var kveðið á um það, að útgerðarmaður skyldi á sinn kostnað tryggja sjómenn samkvæmt almennum skilmálum fyrir slysa-tryggingu fyrir kr. 400.000 miðað við dauða eða fulla örorku, og skyldi fjárhæðin greidd aðstandendum viðkomandi skipverja, ef hann færist. Sverrir Sædal Kristjánsson taldi, að komist hefði á samningur milli sín og Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f um líf- og slysa-tryggingu fyrir skipverjana þrjá, að fjárhæð kr. 400.000 fyrir hvern. Taldi félagið hins vegar, að gildur samningur hefði ekki stofnast. Höfðaði Sverrir Sædal síðan mál fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur til viðurkenningar því, að slíkur samningur hefði stofnast milli sín og félagsins. Með dómi, uppkveðnum 15. mars 1971, var kröfu Sverris Sædals hafnað og félagið sýknað. Var sú niðurstaða staðfest með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 13. mars 1972.

Guðbjörg Ósk Harðardóttir, ekkja Gunnars Þórðarsonar, höfðaði síðan mál fyrir sig og ófjárráða börn sín og Gunnars, þau Hörð, Valgeir og Elinu Björk, til heimtu fjárhæðar váttryggingar þeirrar, þ. e. kr. 400.000, sem útgerðarmanni hafði borið að kaupa fyrir hvern skipverja samkvæmt kjarasamningi þeim, sem í gildi var, þegar báturinn fórst. Var krafan byggð á því, að Gunnar hefði verið vélstjóri eða háseti á m/b Dagnýju, en samkvæmt lögum nr. 2/1969 um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátafлотanum og kjarasamningi sjómanna og útgerðarmanna frá 11. febrúar 1969 hefur sú skylda verið lögð á útgerðarmenn, að þeir keyptu á sinn kostnað tryggingu fyrir skipverja samkvæmt skilmálum um atvinnuslysaftryggingu, er næmi kr. 400.000 fyrir hvern og greiðast skyldi aðstandendum skipverja við andlát hans. Þessa tryggingu hefði Sverrir Sædal ekki keypt fyrir skipverja á m/b Dagnýju og því væri hann sjálfur bótaskyldur fyrir brot á þessari samningsskyldu sinni, er næmi hinni umstefndu fjárhæð. Með dómi, uppkveðnum 22. maí 1974, var krafa stefnenda tekin til greina og Sverri Sædal Kristjánssyni gert að greiða þeim kr. 400.000 ásamt vöxtum og kostnaði. Á grundvelli dóms þessa var síðan gert fjárnám hjá Sverri Sædal 7. ágúst 1974, en hann kvaðst þá vera eignalaus, og varð gerðin árangurslaus. Af hálfu stefnenda var ekki frekar aðhafst gagnvart Sverri Sædal Kristjánssyni. Hafa stefnendur nú höfðað mál það, sem hér er til úrlausnar, til heimtu fjárhæðar þeirrar, sem ekki tókst að heimta úr hendi Sverris Sædals Kristjánssonar, ásamt vöxtum og kostnaði.

Í sjó- og verslunardómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu fór fram rannsókn á aðdraganda að siglingu m/b Dagnýjar frá Höfn í Hornafirði og hvarfi bátsins. Verður nú rakið það, sem fram kom við rannsókn þessa og varðar mál þetta. Sverrir Sædal Kristjánsson kvaðst hafa keypt m/b Dagnýju eftir áramótin 1968—1969 og hafi verið gert ráð fyrir því, að þeir Hreinn Pétursson og Jón Sigurðsson, sem hafi ætlað að vera á bátnum, eignuðust síðar hlut í honum. Taldi Sverrir fullvíst, að báturinn hefði lagt af stað frá Höfn þann 6. mars og hefði báturinn verið vel búinn öryggistækjum, með fullkominn seglbúnað og að öllu leyti vel búinn og í góðu ástandi. Hann kvað veðurútlit hafa verið slæmt og hefði hann ekki búist við, að báturinn færi strax af stað. Kvaðst hann svo ekki hafa heyrt frá bátnum, fyrr en hann hafi fengið skeyti um, að hann væri staddur við Garðskaga þann 7.

mars. Sverrir kvaðst svo hafa haft samband við Slysavarnarfélag Íslands að kvöldi 7. mars og beðið um, að haft yrði samband við bátinn. Það hafi verið reynt, en ekkert svar hafi borist. Sverrir kvað Erling Viggósson í Stykkishólmi hafa bent sér á í símtali, sem þeir áttu síðari hluta þessa sama dags, að kaupa tryggingu. Hafi hann þá beðið Erling um að tryggja skipverjana á m/b Dagnýju hinni samningsbundnu tryggingu hjá umboði Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f í Stykkishólmi. Kvaðst Sverrir svo ekki hafa fengið neinar athugasemdir út af tryggingu þessari fyrr en að kvöldi laugardagsins 8. mars, en þá hafi hann fengið boð um að tala við skrifstofustjóra váttryggingarfélagsins. Er hann svo hafi ætlað að tala við skrifstofustjórann mánudaginn 10. mars, hafi hann verið farinn til útlanda.

Gunnar Snjólfsson, hreppstjóri í Hafnarhreppi á þessum tíma, skýrði svo frá, að kl. 1200—1300 þann 4. mars hefði Hreinn Pétursson komið til sín og óskað eftir, að auk hans yrðu lögskráðir á m/b Dagnýju, SF 61, til siglingar til Stykkishólms þeir Jón Sigurðsson vélstjóri og Gunnar Þórðarson. Kvaðst Gunnar svo hafa fært nöfn mannanna á skipshafnarskrá, en þeir hafi aldrei komið til að undirrita hana. Ekki kvaðst Gunnar muna, hvort hann hefði innt Hrein eftir því, hvort hin samningsbundna slystrygging væri í lagi. Kvaðst hann ekki hafa krafist þess, að sér væru sýnd skilríki fyrir því. Hann kvaðst hafa talið víst, að búíð væri að kaupa þá tryggingu, því hann væri því vanur, að það væri gert, og hefði það atriði alltaf verið í lagi þar á staðnum. Hann kvað sér hafa verið kunn sú skylda sín að ganga úr skugga um, að trygging hefði verið keypt. Kvaðst Gunnar svo hafa sent sýslumanninum í Stykkishólmi skeyti, strax og hann hafi verið búinn að skrá nöfn mannanna í skipshafnarskrána. Ekki kvaðst Gunnar vita, hvenær m/b Dagný hefði lagt af stað frá Höfn, en sér hefði skilist á skipstjóranum, að þeir væru að fara strax af stað.

Í málinu er komið fram ljósrit af símskeyti, sem ágreiningslaust er, að sé símskeyti það, sem Gunnar Snjólfsson hreppstjóri hafi sent sýslumanni Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Er efni þess svohljóðandi: „Skrásettir eru í dag á m.b. Dagný SF-61 til 1 viku Hreinn Pétursson, Jón Sigurðsson og Gunnar Þórðarson.“ Er skeytið undirritað „Hreppstjóri“. Er ágreiningslaust, að þótt samkvæmt áletrun á skeytinu sé það sagt sent frá Reykjavík, þá

sé þetta raunverulega símskeyti það, sem Gunnar Snjólfsson hafi sent frá Höfn.

Krafa stefnenda er byggð á því, að samkvæmt lögum nr. 63/1961, sbr. lög nr. 71/1962, sé lögskráningarstjóra skylt að kanna, að allar lögbundnar og samningsbundnar váttryggingar samkvæmt almennum kjarasamningum séu í lagi, áður en lögskráð sé á skráningarskylt skip. Einnig sé lögskráningarstjóra skylt að gæta þess, að slíkt skip láti ekki úr höfn fyrr en að uppfylltum þessum og öðrum skilyrðum. Þó skyldan til að fullnægja þessum skilyrðum hvíli fyrst og fremst á útgerðarmanni, þá hvíli ótvíræð eftirlitsskylda á hinum opinbera tilsjónarmanni og ef vanræksla á eftirlitsskyldum valdi tjóni, sé ríkissjóður ábyrgur samkvæmt almennum reglum um ábyrgð á skaðaverkum eða mistökum hins opinbera starfsmanns. Í tilviki því, sem fjallað er um í máli þessu, hafi lögskráningarstjórinn á Höfn í Hornafirði ekki gætt þess, að fullnægt væri því skilyrði, að allar váttryggingar væru í lagi, áður en lögskráð var á skipið. Því sé það vegna saknæmra mistaka lögskráningarstjórans, að stefnendur hafi ekki fengið hina umsömdu váttryggingarfjárhæð. Þessi mistök séu viðurkennd í málinu, enda hafi lögskráningarstjórinn verið ákærður af ákæruvaldinu fyrir mistök í starfi og hafi hann þolað dómssátt af því tilefni í sakadómi Skaftafellssýslu.

Sýknukrafa stefndu er byggð á því, að það hafi fyrst og fremst verið skipverjanna sjálfra að sjá um, að tryggingar væru í lagi og að útgerðin gætti skyldu sinnar í því efni. Þótt sök útgerðarmanns bátsins sé ótvíræð, leysi það skipverja ekki undan eigin sök í því efni. Verði þeirri sök ekki komið á lögskráningarstjórn, sem ekki hafi borið og ekki hafi haft tök á að sjá um, að umrædd trygging væri tekin. Þótt svo yrði talið, að einhver formleg mistök hafi orðið við lögskráningu, þá sé frumsökin hjá skipverjum sjálfum. Af þessum sökum geti stefnendur ekki átt kröfu til fjárhæðar váttryggingar þeirrar, sem ekki var tekin. Þá er því mótmælt, að hreppstjóranum hafi orðið á nokkur mistök. Það hafi verið skipverjarnir, sem ekki hafi mætt til lögskráningar og hafi þeir brotið lagaskyldu. Raunverulega hafi lögskráningu því ekki verið lokið, þar sem skipverjar hafi ekki undirritað lögskráninguna, enda hafi lögskráningargjald ekki verið greitt. Liggi ekkert fyrir um það, að hreppstjórinn hefði ekki athugað, hvernig tryggingu var háttað, ef skipverjarnir hefðu komið, eins

og ráð hafi verið fyrir gert. Því sé með öllu óheimilt að álykta, að hreppstjóranum hafi orðið á mistök við lögskráningu á bátinn. Þá er því haldið fram, að af gagnályktun frá ákvæði 6. tl. 7. gr. laga nr. 63/1961 leiði, að ábyrgð á því, að lögboðnar tryggingar hafi verið teknar, hvíli eingöngu á útgerð viðkomandi skips og verði slíkri ábyrgð ekki velt yfir á aðra. Þá er því og haldið fram, að þótt ríkisvaldið leggi mönnum til margs konar þjónustu, þá þurfi það ekki að leiða til skaðabótaskyldu, þótt eitthvað gangi úrskeiðis vegna mistaka starfsmanna ríkisins. Verði í því sambandi að krefjast þess, að hlutaðeigendur hafi engan hlut átt að mistökunum, hvorki beint né óbeint. Þá er því að lokum haldið fram, að þótt svo yrði litið á, að hreppstjóranum hafi orðið á einhver mistök við lögskráningu á bátinn, þá sé ekkert orsakasamband á milli þess og raunverulegs tjónatburðar, en hann sé sá, að m/b Dagný fórst. Varakrafa stefndu er byggð á því, að sökum vanrækslu Gunnars heitins í sambandi við lögskráningu á bátinn verði stefnendur að sæta því, að fébótaábyrgð verði skipt til helminga, þannig að stefndu verði aðeins dæmdir til að greiða kr. 200.000, enda hafi heildarbætur aldrei getað orðið hærrí en kr. 400.000.

Hinn 30. október 1970 sætti Gunnar Snjólfsson áminningu í sakadómi Skaftafellssýslu fyrir brot á 1. mgr. 20. gr., sbr. 6. tl. 7. gr. laga um lögskráningu sjómanna nr. 63/1961, sbr. lög nr. 71/1962.

Af ljósríti því af skipshafnarskrá, sem fram kom við rannsókn þá, sem fram fór fyrir sjó- og verslunardómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og lagt hefur verið fram í málinu, kemur fram, að Jón Sigurðsson hefur verið skráður vélstjóri á m/b Dagnýju, en Gunnar Þórðarson háseti. Ekki kemur fram, hver ráðningarkjör hafa átt að vera, en telja verður, að hver sem ráðningarkjörin hafi verið að öðru leyti, þá hafi útgerðarmaður átt að kaupa líf- og slysatryggingu fyrir Gunnar heitinn, er næmi kr. 400.000, enda var það atriði orðið þáttur í kjarasamningum báta-sjómanna á þessum tíma. Er og fram komið, að útgerðarmaðurinn, Sverrir Sædal Kristjánsson, gerði ráðstafanir til að kaupa slíka tryggingu, sem ekki reyndist haldbær, þegar á reyndi, gagnvart váttryggingarfélaginu. Á útgerðarmanninum hvíldi fyrst og fremst sú skylda að kaupa tryggingu þessa, en skipverjar áttu rétt á að fylgjast með því, hvort trygging hefði verið keypt. Hins vegar er með öllu ósannað, að Gunnar hafi átt nokkra sök

á því, að útgerðarmaðurinn fullnægði ekki þessari skyldu sinni. Er og ósannað, að Gunnar hafi átt nokkra sök á því, að lögskráningarstjórinn gekk ekki úr skugga um, að tryggingin hefði verið keypt. Er og eigi í ljós leitt, að Gunnari hafi borið að vera við lögskráningu skv. 16. gr. laga nr. 63/1961. Verður ekki talið annað fram komið en Gunnar hafi mátt treysta því, að tryggingin hefði verið keypt.

Ákvæði laga nr. 63/1961 um lögskráningu sjómanna miða að því, að gætt sé ákveðinna atriða við ráðningu manna til starfa á skipum, sem eru 12 rúmlestir eða stærri. Varða atriði þessi, sem greind eru í 7. gr., sbr. og 15. gr. laganna, ástand skips og búnað, atvinnuréttindi til vissra starfa og ráðningarkjör skipverja. Á skipstjóra hvílir sú skylda að leggja fyrir lögskráningarstjóra gögn um, að fullnægt sé þeim skilyrðum, sem sett eru skv. 7. gr. Samkvæmt 20. gr. greindra laga skal lögskráningarstjóri gæta þess, að fyrir hendi séu skilríki þau, sem greind eru í 7. gr., sbr. 15. gr. laganna. Útgerðarmaður bátsins fullnægði ekki því skilyrði 6. tl 7. gr. greindra laga, að fyrir hendi væri líf- og slysa-trygging fyrir skipverjana. Það verður að líta svo á, að með símskeyti því, sem lögskráningarstjórinn sendi sýslumanninum í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, hafi falist staðfesting á því, að skipverjar hefðu verið lögskráðir, enda hafa ekki verið færð gild rök fyrir, að símskeyti þetta hafi getað þjónað öðrum tilgangi. Lögskráningarstjórinn gætti þess ekki, að fyrir hendi væri yfirlýsing tryggingarfélags um líf- og slysatryggingu skipverja. Í niðurlagsákvæði 6. tl. 7. gr. laga um lögskráningu sjómanna er svo kveðið á um, að ef útgerðarmaður vanræki að hafa í gildi umsamda líf- og slysatryggingu, þá sé viðkomandi útgerðarfyrirtæki ábyrgt fyrir umsömdum bótagreiðslum. Getur lögskráning skipverja ekki orðið við slíkar aðstæður nema fyrir vangæslu lögskráningarstjóra, eins og í tilviki því, sem hér er fjallað um. Þykir með ákvæði þessu kveðið á um það, hver endanlega beri fébótaábyrgð, ef samningsbundin líf- og slysatrygging skipverja er ekki fyrir hendi, er tjónatburður gerist. Þykir fébótaábyrgð á þessum vanefndum útgerðarmanns m/b Dagnýjar hvorki ein út af fyrir sig né í tengslum við það, að útgerðarmaðurinn reyndist eignalaus og ógjaldfær, því ekki verða felld á ríkissjóð. Verða fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra, sem báðum hefur verið stefnt fyrir hönd ríkissjóðs, sýknaðir af kröfum stefnenda í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Kostnaður stefnenda af rekstri máls þessa greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns þeirra, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast kr. 85.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Guðmundi Hjaltasyni og Jóni Björnssyni skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnenda, Guðbjargar Óskar Harðardóttur fyrir sig og ófjárráða börn sín, Hörð Gunnarsson, Valgeir Gunnarsson og Elínu Björk Gunnarsdóttur. Málskostnaður fellur niður.

Kostnaður stefnenda af rekstri málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns þeirra, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 85.000.

Mánudaginn 20. nóvember 1978.

Nr. 145/1977. **Hólmfríður Steinþórsdóttir og**

Ove Salomonsen

(Ólafur Þorgrímsson hrl.)

gegn

Svövu Þórðardóttur persónulega og fyrir

hönd ófjárráða sonar hennar,

Sigurðar Vilhjálmssonar,

Steinari Vilhjálmsyni og

Hilmi Vilhjálmsyni

(Jóhann Þórðarson hdl.).

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.